



Methotrexate lyfjagjöf

Gigtarsjúkdómur hjá barni

Hvernig virkar lyfið?

Methotrexate er notað til að bæla ónæmiskerfið og getur þannig hjálpað til við að draga úr einkennum barnagigtar svo sem bólgum í liðum, hreyfiskerðingu, verkjum og þreytu. Methotrexate byrjar fyrst að virka tveimur til þremur mánuðum eftir að meðferð er hafin. Ef lyfið hjálpar er hægt að nota það árum saman.

Hvernig er lyfið gefið?

Methotrexate töflur eru teknar einu sinni í viku. Taka má töflurnar óháð máltíðum. Methotrexate er einnig til sem stungulyf í sérstökum sprautupenna og er þá gefið undir húð einu sinni í viku. Þá lærir þú eða einhver nákominn að gefa lyfið. Oftast er gefið vítamín í töfluformi, sem heitir fólínsýra, 24 klukkustundum eftir gjöf methotrexate til að vinna gegn mögulegum aukaverkunum.

Hverjar eru mögulegar aukaverkanir?

Við gjöf lyfsins koma stundum fram aukaverkanir, svo sem kviðverkir, ógleði og uppköst. Oft minnka þær smám saman, en stundum getur þurft að gefa önnur lyf sem draga úr þeim. Lyfið getur haft áhrif á blóðfrumur og lifur. Aðrar aukaverkanir geta verið sár í munni og hárlós. Ef aukaverkanir koma fram þarf að hafa samband við barnagigtarteymið.

Þarf að fylgjast sérstaklega með mér?

Fylgjast þarf með mögulegum aukaverkunum með því að taka blóðsýni reglulega.

Aðrar upplýsingar

Ef þú ert með hita áttu ekki að taka lyfið þá vikuna. Hafðu samband við barnagigtarteymið ef þú þarft ráðgjöf.

Bólusetningar

Ef gefa á bólusetningar sem innihalda lifandi veiklaða sýkla meðan lyfið er notað þarf að ræða það sérstaklega við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis. Þetta á til dæmis við um bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum, hlaupabólu og berklum.

Skurðaðgerðir

Við skurðaðgerðir er oftast haldið áfram að gefa lyfið.

Áhrif á fóstur

Methotrexate getur verið skaðlegt fyrir fóstur. Nota þarf getnaðarvarnir við kynlíf. Ef spurningar vakna ræddu við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis.

Bólguhemjandi lyf

Á fylgiseðli lyfsins stendur að bólguhemjandi lyf, svo sem ibuprofen, naproxen o.fl. geti haft áhrif á öryggi meðferðar. Þessi lyf eru þó oft notuð samhliða methotrexate við meðhöndlun gigtarsjúkdóma ef þess er þörf.

Láttu vita um meðferðina ef þú þarft að leita til annarra lækna en þeirra sem venjulega annast meðferð þína.

Frekari upplýsingar um lyfið

Sérlyfjaskrá, Lyfjastofnun: https://www.serlyfjaskra.is/FileRepos/8ad9ab9a-f14e-ed11-811b-005056a1b61b/Methotrexate_Pfizer_SmPC.pdf